

# ERINDISBRÉF

## formanna stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

### 1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar formenn stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa til fjögurra ára í senn að afloknum sveitarstjórnarkosningum, sbr. 1. málsgr. 21. gr. og 3. málsgr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.

Ráðherra skipar formenn þessa án tilnefningar. Þeir skulu vera búsettir á starfssvæði hlutaðeigandi heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss.

### 2. gr.

Formaður stjórnar heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss er fulltrúi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í stjórninni.

Hann skal sinna starfi sínu af trúmennsku og í samræmi við þá stefnu sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur hverju sinni mótað í málefnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

### 3. gr.

Formaður skal tryggja og ber ábyrgð á gagnvart ráðherra að:

1. stjórnin skipuleggi starfsemi stofnunarinnar í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu þannig að stofnunin veiti þá heilbrigðisþjónustu sem lög gera ráð fyrir,
2. stjórnin skipuleggi starfsemi og þjónustu stofnunarinnar innan þess ramma sem rekstri stofnunarinnar er sniðinn í fjárlögum á ári hverju,
3. stjórnin hafi vakandi auga með starfsemi og þjónustu stofnunarinnar og grípi til tafarlausra aðgerða ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu,
4. stjórnin hafi vakandi auga með rekstri stofnunarinnar og grípi til tafarlausra aðgerða ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög,
5. stjórnin ráði starfslið heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa þannig að stöðuheimildir stofnunarinnar séu á hverjum tíma mannaðar hæfasta starfsliði sem völ er á.
6. stjórnin ráði ekki aðra í fastar læknastöður heilsugæslustöðvar en sérfræðinga í heimilislækningum, sé þess kostur.

### 4. gr.

Formaður skal gera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra reglulega grein fyrir starfsemi stofnunar þeirrar, sem hann er formaður fyrir.

Formaður skal án ástæðulausra tafa gera heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra grein fyrir vandamálum sem upp kunna að koma í starfsemi stofnunarinnar, t.d. vegna reksturs eða starfsmannamála.

### 5. gr.

Formaður skal boða fundi í stjórn stofnunar eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en annan hvern mánuð.

### 6. gr.

Þóknun formanna og annarra stjórnarmanna stjórna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa skal ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.

## 7. gr.

Erindisbréf þetta sem sett er með stoð í 3. málsgr. 1. gr., 2. gr. sbr. 1. málsgr. 21. gr. og 3. málsgr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1994.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

Páll Sigurðsson.

**AUGLÝSING**

**um (4.) hækkun gjaldskrár nr. 283/1992 fyrir tannréttingar.**

## 1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 283/1992 fyrir tannréttingar skulu hækka um 6,13% frá 1. október nk.

## 2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1994.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

Sólveig Guðmundsdóttir.

**AUGLÝSING**

**um (4.) hækkun gjaldskrár nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar.**

## 1. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá nr. 166/1992 fyrir skólatannlækningar skulu hækka um 6,13% frá 1. október nk.

## 2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er með stoð í 37. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. september 1994.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

Sólveig Guðmundsdóttir.